

Fundargerð 491

Föstudaginn 23. október 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var í fjarfundabúnaði Teams. Þessir fundarmenn sátu fundinn Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Hallóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÐ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 5), Pétur Friðjónsson (PF) lánasérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 6), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÐ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:06 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. Eigið fé Byggðastofnunar - til kynningar
5. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar
6. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar
7. Women Making Waves - kynning á Erasmus verkefni með þátttöku Byggðastofnunar
8. Fullnustueignir Byggðastofnunar - til kynningar
9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 490. Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

2. Lánamál – til afgreiðslu

...

...

...

3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 35/20-39/20

...

Til máls tók MBJ.

4. Eigið fé Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja- og rekstrarsviðs til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Í minnisblaðinu kemur fram að þörf Byggðastofnunar fyrir nýtt eigið fé á næstu árum getur numið allt að 3 ma.kr. Þar af allt að 1,5 ma.kr. vegna áfalla tengdum veirufaraldrinum

COVID-19 og til viðbótar allt að 1,5 ma.kr. til að byggja upp eiginfjárlutfall stofnunarinnar til að gera hana betur í stakk búna til að sinna þörfum atvinnulífs í landsbyggðunum og anna aukinni eftirspurn eftir lánsfé.

AP kynnti minnisblaðið og tilurð þess.

Til máls tóku MBJ, KB, GP og AME.

5. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs 2020 - til kynningar

HP kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs sem HP kynnti. Allir áhættuþættir eru innan þeirra marka sem sett eru í áhættustefnu stofnunarinnar.

Til máls tóku MBJ, GP og AP.

HP vék af fundi.

6. Aflamark Byggðastofnunar - til kynningar

PF kom á fundinn undir þessum lið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað þar sem farið er yfir hvort staðið hafi verið við samninga um aflamark Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2019/2020. PF kynnti efni minnisblaðsins. Á fiskveiðiárinu 2019/2020 voru samningar í gildi á ellefu stöðum um nýtingu á samtals 5.020 þorskígildistönnum. Niðurstaðan er að í öllum megin atriðum hafi samningar gengið eftir á fiskveiðiárinu 2019/2020.

Til máls tóku MBJ, SJ, AP og KB.

PF vék af fundi.

7. Women Making Waves - kynning á Erasmus verkefni með þátttöku Byggðastofnunar

HH kom á fundinn undir þessum lið og kynnti Erasmus verkefnið Women Making Waves eða Konur gára vatnið. Verkefnið miðar að því að efla leiðtogahæfni kvenna, fagmennsku og styrk þeirra á vinnumarkaði. Markmið verkefnisins er einnig að auka þekkingu á fjölda kvenna í forystuhlutverkum en þar hallar á konur og hvetja þátttakendur til að rjúfa hefðbundið kynjamynstur þegar kemur að forystu í atvinnulífinu.

Til máls tóku MBJ, HH, MaH, GP, SEP og AP.

HH vék af fundi.

8. Fullnustueignir Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað HÁ um fullnustueignir stofnunarinnar sem hann fór yfir.

9. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun og rekstrar 30. september sem AP kynnti.

Til máls tóku MBJ, KB, GP, SJ og SEP.

Umræður urðu um tilfærslu eftirlits með pósthjónustu til Byggðastofnunar, en frumvarp um það hefur nú verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þá var rætt um upplýsingar til stjórnar um umsagnir stofnunarinnar til þingmála o.fl.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins en stjórnarmenn ræddu stöðu landbúnaðar, einkum sauðfjárræktar.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 19. nóvember skv. starfsáætlun en staðsetning er óákveðin.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:32

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir